

**3370. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
27. mars 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

- 1. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019**
639. mál til umsagnar, frumvarp til laga um uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.
647. mál til umsagnar, frumvarp til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða o.fl.)
710. mál til umsagnar, frumvarp til laga um töku gjalds v/ fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð.
711. mál til umsagnar, frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana-og fíkniefni (neyslurími).

Lagt fram.

- 2. 1711001 - Bjarg íbúðafélag umsókn um stofnframlag okt 2017**
Yfirlýsing Akraneskaupstaðar um heimild til veðsetningar vegna lóða við Asparskóga 12, 14 og 16.
Bæjarstjórn Akraness vísaði málinu til umfjöllunar í bæjarráði.
Jóhann Þórðarson endurskoðandi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Bæjarráð samþykkir heimild til veðsetningar á tryggingarbréfi Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð 655 m.kr. á fyrsta veðrétt á lóðunum/eignunum að Asparskóggum nr. 12, 14 og 16.

Málinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

Rakel Óskarsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.

- 3. 1903318 - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - Fjárhagsáætlun 2019**
Tillaga að svari til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna athugasemda við fjárhagsáætlun 2019.

Þorgeir H. Jónsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir tillögu fjármálastjóra að svari til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.



Sævar
Freyr
Þráinsson

4. 1903281 - Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga um áform fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar að skerða tekjur Jöfnunarsjóðs.

Bæjarráð Akraness lýsir yfir áhyggjum vegna áforma um skerðingu á framlögum ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árin 2020-2024 um 3,3 ma.kr. á næstu tveimur árum. Bæjarráð hvetur ríki og Samband íslenskra sveitarfélaga til þess að eiga í faglegu samtali og samstarfi um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

5. 1806121 - Laun bæjarfulltrúa - uppfært

Endurskoðun reglna um laun hjá Akraneskaupstað til bæjarfulltrúa fyrir setu í ráðum, nefndum og starfshópum.

Um er að ræða orðalagsbreytingar í reglunum og breytingar á fjárhæðum í samræmi við breytingar á launavísitölu, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglnanna.

Bæjarráð samþykkir breytingar á reglum um laun hjá Akraneskaupstað til bæjarfulltrúa fyrir setu í ráðum, nefndum og starfshópum. Breytingin felur ekki í sér aukin fjárlátt miðað við samþykktu fjárhagsáætlun 2019.

Reglunum er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

6. 1811203 - Höfði - dagdvöl

Erindi Heilbrigðisráðuneytisins um fölgun dagdvalarýma á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

Bæjarráð fagnar þessari niðurstöðu ráðherra um að fylga dagdvalarrýmum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða um fimm talsins.

7. 1902178 - Faxabraud 3 - leiga / sala á húsnæði

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að eignarými kaupstaðarins að Faxabraud 3 verði sett á söluskrá.

Bæjarráð samþykkir að setja eignarými kaupstaðarins að Faxabraud 3 í söluferli samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um sölu eigna í eigu Akraneskaupstaðar og stofnana hans. Bæjarstjóra er falið að fylgja málinu eftir.

8. 1901196 - Sementsreitur - uppbygging

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að samið verði við Work North ehf. um að fjarlægja veggi umhverfis sandþró samhliða öðru niðurrifi við sementsreit. Um yrði að ræða viðbótarverk við niðurrif á Sementsreit kr. 40.646.000.

Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestingu- og framkvæmdaáætlun vegna niðurriks veggja umhverfis sandþró á Sementsreit. Bæjarráð beinir því til skipulags- og umhverfisráðs að undirbúa jafnframt niðurrif á Suðurgötu 108.

Breytingin felur í sér hækjun á eignfærðum framkvæmdum að fjárhæð kr. 40.646.000 sem verður mætt með lækkun á handbæru fé. Bæjarráð felur fjármálasviði að útbúa viðauka vegna þessa.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

9. 1903002 - Kútter Sigurfari - staða mála

Bréf til Minjastofnunar með ósk um leyfi til förgunar á kútter Sigurfara.

Með þeim rannsóknum sem framkvæmdar voru telur Akraneskaupstaður sig hafa sinnt rannsóknum á kútter Sigurfara með fullnægjandi hætti en m.a. var haldið alþjóðlegt málþing og ítarleg rannsókn framkvæmd. Skrásetning var á heimildum um kútterinn, söfnun heimilda í munnelegri geymd, söfnun ljósmynda, skrásetning á bygggingarlagi kúttersins og skrásetning á heildarmynd skipsins.

Samkvæmt ofangreindu samþykkir bæjarráð fyrirliggjandi bréf til Minjastofnunar þar sem óskað er heimildar til förgunar á kútter Sigurfara.

10. 1903307 - Sorpurðun Vesturlands - aðalfundur 2019

Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands verður haldin 3. apríl næstkomandi á Hótel Hamri í Borgarnesi.

Karítas Jónsdóttir (B) og Sævar Jónsson (D) munu sækja aðalfund Sorpurðunar Vesturlands fyrir hönd Akraneskaupstaðar.

11. 1903196 - Spurningasvörun fyrir vefsíðu sveitarfélags - rannsókn og frumgerð

Verkefni Grammatek ehf. í samstarfi við Akraneskaupstað um þróun sjálfvirks svarbox fyrir vefsíðu Akraneskaupstaðar.

Lagt fram.

12. 1903182 - Konukvöld ÍA 2019 - umsögn

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar um tækifærисleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna konukvöld ÍA í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum 5. apríl 2019 frá kl. 18.30 til kl. 02.00 þann 6. apríl 2019.

Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

13. 1903316 - Herrakvöld KFÍA - Umsögn

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar um tækifærисleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna herrakvölds KFÍA í Frístundamiðstöðinni við Garðavöll þann 24. apríl 2019 frá kl. 18.30 til kl. 02.00 þann 25. apríl 2019.

Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

Elsa Lára Arnardóttir víkur af fundi kl. 18:45 og Ragnar B. Sæmundsson tekur sæti á fundinum.

14. 1903314 - Áskorun ungmennaráðs Akraness um umhverfis- og loftlagsmálefni

Áskorun ungmennaráðs Akraness til bæjarstjórnar til forystu um umhverfis- og loftlagsmálefni

Bæjarráð þakkar fyrir erindið og fagnar áskoruninni sem í því felst. Bæjarráð hvetur jafnframt ungmennaráð Akraness til að vinna áfram að vitundarvakningu ungs fólks um loftlagsmál. Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunnar í skipulags- og umhverfisráði.

15. 1903126 - Breiðin útvistarsvæði - styrkur

Niðurstaða framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrkumsókn Akraneskaupstaðar fyrir árið 2019.

Bæjarráð fagnar styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar á Breiðinni og sendir þakklæti til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra.

Styrkurinn er að fjárhæð 35 m.kr. og er gert ráð fyrir mótfamlagi Akraneskaupstaðar til verksins í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019.

16. 1902095 - Starfshópur um framtíðarskipulag mötuneytismála

Skóla- og frístundaráð fjallaði um erindisbréf fyrir starfshóp um framtíðarskipulag mötuneytismála á fundi sínum 19. mars. Skóla- og frístundaráð samþykkir erindisbréf og vísar því til samþykktar í bæjarráði.

Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

17. 1903254 - Beiðni frá Tónlistarskóla Akraness- tækjakaup

Beiðni frá Tónlistarskóla Akraness um tækjakaup fyrir skólann.

Bæjarráð samþykkir umsókn Tónlistarskóla Akraness.

Fjárhæðinni, samtals kr. 1.530.000 verður ráðstafað af 20830-4660, viðhald áhalsa.

18. 1903185 - Grundaskóli - færðanleg skólastofa

Á fundi Skóla- og frístundaráðs 19. mars var lagt fram minnisblað varðandi færðanlegar kennslustofur við Grundaskóla.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að byggð verði ný kennslustofa við Grundaskóla fyrir upphaf skólaársins 2019, leið 3 í minnisblaði, og elsta kennslustofan verði tekin úr umferð en haldið í salernin og aðstöðu fyrir ræstingu og sá hluti húsnæðisins verði lagfærður.

Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestingu- og framkvæmdaáætlun vegna byggingar á nýrri kennslustofu við Grundaskóla.

Breytingin felur í sér hækkun á eignfærðum framkvæmdum að fjárhæð kr. 30.000.000 sem verður mætt með lækkun á handbæru fé. Bæjarráð felur fjármálasviði að útbúa viðauka vegna þessa.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

19. 1903144 - Viðhaldsframkvæmdir 2019

Viðhaldsframkvæmdir á Byggðasafninu í Görðum árið 2019.

Bæjarráð samþykkir aukið fjármagn til viðhalds á Byggðasafninu í Görðum að fjárhæð kr. 15.000.000. Kostnaði verður mætt innan samþykktar fjárfestingu- og framkvæmdaáætlunar fyrir árið 2019. Bæjarráð leggur áherslu á að í þessu verkefni og framvegis, verði áætlun og eftirlit framkvæmda ávallt í höndum sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.

Valgerður Þ. Þorsteinsson
Rakel Óslansdóttir
Ragnar Sæmundsson

Sæcis Alexia Sigurðsm.
Sævar Þorarinsson